



Reykjavík 9. Desember 2019

Umsög um drög að frumvarpi til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna breytinga á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997.

Félags skipstjórnarmanna lýsir þungum áhyggjum af ákvæði til bráðabirgða sem sjá má í 7. gr. frumvarpsins. Þar sem heimilað er að halda áfram 12 % lágmarki gagnvart sjómastéttinni þrátt fyrir að útgerðafyrirtæki hafi með sama hætti og aðrir atvinnurekendur notið sömu lækkana hvað varðar tryggingagjald.

Þessar lækkunir tryggingargjalda voru framlag stjórnvalda til aðila vinnumarkaðarins til að stuðla að lausn kjaradeilu og skapa forsendur til hækkunar iðgjalda í lífeyrissjóði. Nánast allir launþegar á Íslandi að frátöldum sjómönnum njóta nú þegar aukinna lífeyris réttinda og hafa hækkað í þremur áföngum um samtals 3,5%. Þ.e. 0,5% í júlí 2016, 1,5% júlí 2017 og 1,5 júlí 2018.. Sú staðreynd blasir við að þessi atvinnugrein nýtur þess vafasama heiðurs að samningaviðræður dragast þar á langinn svo árum skiptir án endurnýjunar. Segja má að sú dapurlega „hefð“ hafi fest sig í sessi að kjarabætur sen nást á almenna markaðinum, eru ekki í boði fyrir sjómenn á fiskiskipum fyrr mörgum árum eftir að aðrar stéttir njóta þeirra. Það er í öllu falli umhugsunarvert í ljósi reynslunnar af framgangi kjarasamninga aðila sjávarútvegsins skuli stjórnvöld sjá ástæðu til þess að smíða sérstakt bráðbirgðaákvæði í þeim tilgangi að viðhalda þessari „hefð“ án nokkurra fyrirvara.

Fyrir liggur að forgangskrafa sjómanna í þeim kjarasamningum sem nú eru í farvatninu er krafan um jöfnun lífeyrisréttinda við aðrar stéttir launafólks með kröfu um afturvirkni. Ljóst er að samningar verða ekki kláraðir nema lífeyrismálin verði til lykta leidd.

Að öðru leiti vill undirritaður vísa til umsagnar Sjómannasambands Íslands og taka undir allt sem þar er áréttað.

F.h. Félags skipstjórnarmanna

Árni Bjarnason

